

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaðarkrafa gerðarpola er eigi tekin til greina.

Mánudaginn 9. marz 1959.

Nr. 19/1959. **Ákærvaldið** (Kristinn Gunnarsson hrl.)

gegn

Eiði Valdimarssyni (Áki Jakobsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður. Ölvun á almannafæri.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Eiður Valdimarsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Kristins Gunnarssonar og Áka Jakobssonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. desember 1958.

Ár 1958, þriðjudaginn 9. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var að Fríkirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörnsyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 6697/1958: Ákærvaldið gegn Eiði Valdimarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali, dags. 29. f. m., er Eiður Valdimarsson sjómaður, Hafnarstræti 11, Akureyri, nú refsifangi hér, ákærður fyrir að hafa framið eftirtalin brot:

I. sunnudagsmorguninn 6. apríl sl. tekið að ófrjálsum í húsinu nr. 25 við Eiríksgötu hér í bæ kuldaúlpu og slegið eign sinni á,

II. fimmtudaginn 2. okt. sl. tekið að ófrjálsum úr skúr við Grandaveg hér í bænum kuldaúlpu og slegið eign sinni á,

III. föstudaginn 17. okt. sl. tekið að ófrjálsum að Skólavörðustíg 19 hér í bæ eina karlmannsskó og slegið eign sinni á,

IV. mánudaginn 17. nóv. sl. stolið kuldaúlpu úr fatageymslu í Arnarhvoli við Lindargötu hér í bæ.

Framangreind brot teljast öll varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

V. Laugardaginn 18. okt. sl. verið áberandi ölvaður í verkamannaskýlinu hér í bænum. Þetta brot telst varða við 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga, nr. 58/1954, og 7. gr., sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, nr. 2/1930.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga svo og verði hann dæmdur til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 10. september 1913, hefur áður sætt þessum kærnum og refsingum:

1932 15/10 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga, skilorðsbundið, fyrir þjófnað og 200 kr. sekt fyrir ólöglega meðferð áfengis.

1934 9/10 Kærður fyrir þjófnað. Málið sent bæjarfógetanum á Akureyri.

1936 7/12 Dómur á Akureyri, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot á 23. kap. almennra hegningarlaga.

1943 22/2 Vestmannaeyjar. Uppvís að hnupli og tilraun til áfengisbruggunar. Látið falla niður.

1948 24/3 Akureyri. Dómur aukaréttar, 4 mán. fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1948 15/11 Rvík. Dómur aukaréttar, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1949 8/2 Rvík. Dómur aukaréttar, 4 mán. fangelsi, sviptur

kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

- 1950 11/1 Rvík. Dómur, 4 mán. fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað.
- 1952 18/11 Rvík. Dómur, 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarlaga.
- 1954 11/6 Rvík. Dómur, 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 155. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1956 3/11 Rvík. Dómur, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1956 29/12 Rvík. Dómur, 8 mánaða fangelsi sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

Auk þess hefur hann 39 sinnum sætt á sektargreiðslur fyrir ölvunarbrot.

Málavextir eru þessir:

I.

Aðfaranótt sunnudagsins 6. apríl sl. gisti ákærði á Eiríksgötu 25, en þar býr kunningjafólk hans. Að morgni hvarf hann á brott og tók þá með sér kuldaúlpu, er hékk þar í forstofu. Með hana fór hann um borð í e/s Dettifoss og seldi hana þar Sigbirni Þórðarsyni stýrimanni fyrir 150,00 kr., er hann varði til áfengiskaupa. Við rannsókn málsins komst úlpan til skila.

II.

Fimmtudaginn 2. okt. sl. fór ákærði inn í vinnuskúr við Granda-veg hér í bæ. Þar var fyrir kuldaúlpa, er ákærði tók að ófrjálsu og hafði á brott með sér. Úlpu þessa seldi ákærði Hreini Bjarnasyni, Ásvallagötu 21, starfsmanni í Síld & Fiski, og greiddi hann 150,00 kr. fyrir. Hreinn skilaði úlpunni við rannsókn málsins. Hann gerir kröfu um, að ákærði verði dæmdur til að greiða honum 150,00 kr., og verður krafan að sjálfsögðu tekin til greina, enda samþykkt af ákærðum.

III.

Föstudaginn 17. október sl. fór ákærði inn í húsið nr. 19 við Skólavörðustíg. Á efstu hæð fann hann karlmannsskó, og tók hann þá og sló eign sinni á þá, enda var ákærði illa skæddur, var

í inniskó á öðrum fæti, en skóhlíf á hinum. Fór hann nú burt í skónum. Seinna kveðst hann hafa látið kunningja sinn hafa þá. Ekki hafa skórnir komið til skila. Eigandi skónna hefur eigi óskað að koma að bótakröfu.

IV.

Mánudaginn 17. nóvember fór ákærði inn í Arnarhvol hér í bæ. Komst hann þar inn í fatageymslu, er tilheyrir viðskiptamálaráðuneytinu, og tók kuldaúlpu, er gestur hafði skilið þar eftir. Fór ákærði með hana í Söluskálann við Lindargötu og seldi hana fyrir 200,00 kr. Eigandi Söluskálans, Guðmundur Auðunsson, skilaði úlpunni við rannsókn málsins, og komst hún í hendur eiganda. Guðmundur krefst úr hendi ákærða bóta, að fjárhæð 200,00 kr., og verður sú krafa tekin til greina.

V.

Að morgni laugardagsins 18. okt. var ákærði handtekinn ofurölvi við Verkamannaskýlið og settur í varðhald.

VI.

Ákærði hefur skv. því, er nú var rakið, framið öll þau brot, er hann er saksóttur fyrir, og varða þau við lagaákvæði þau, er ákæra tilgreinir.

Með hliðsjón af 72. og 77. gr. alm. hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði. Ákærði hefur unnið til sviptingar kosningarréttar og kjörgengis til opinberra starfa og annarra almennra kosninga skv. 3. mgr. 68. gr. alm. hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað svo og bætur skv. því, er að framan er rakið.

Dómsorð:

Ákærði, Eiður Valdimarsson, sæti fangelsi 8 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Hreini Bjarnasyni kr. 150,00 og Guðmundi Auðunssyni kr. 200,00.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.